

Mættir voru allir nýkjörnir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson Jóhann Þorvarður Ingimarsson og Lárus Heiðarsson.

Aldursforseti sveitarstjórnar, Gunnþórunn Ingólfssdóttir setti fund og bauð nýkjörna sveitarstjórnarmenn velkomna til starfa.

Dagskrá

1. Greinagerð kjörstjórnar um úrslit sveitarstjórnarkosninga í Fljótsdalshreppi
2. Kosning oddvita og varaoddvita til eins ár.
3. Kosning í nefndir og stjórnir
4. Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga
5. Kosning fulltrúa á aðalfund SSA, Breiðdalsvík 24.-25. sept.
6. Samningur um veitingaaðstöðu í Végarði
7. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun
8. Laugarfell
9. Múlavegur
10. Landamerkjaskráning
11. Óveruleg breyting á aðalskipulagi, bréf Skipulagsstofnunar dags. 02.06
12. Húsvarsla Végarðs
13. Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs
14. Drög að nýjum samningi um rekstur Dvalarheimilis aldraðra á Egilsstöðum
15. Skráning á skjölum Fljótsdalshrepps
16. Gistihús
17. Bréf
 - a) Orkustofnun dags. 17.05
 - b) Landssamband hestamanna 04.06
 - c) Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum dags. 07.05
 - d) EBÍ Brunabót dags. 06.05
 - e) Helgi Hallgrímsson dags. 03.05
 - f) HAUST , ódags.
 - g) Jafnréttisstofa 09.06
 - h) Héraðsforeldrar dags. 08.06
18. Fjárbeiðnir
Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps
19. Umhverfisstyrkir
 - a) Andrés Einarsson
 - b) Jónas Hafþór Jónsson
20. Fundargerðir
 - a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 04.05
 - b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 20.05
 - c) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 02.06
21. Fjarskiptahús og fjarskiptamastur á Grjótarhnjúk
22. Byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps, *flutningur*
23. Málefni Minjasafns Austurlands, *fjárhagsstaða*
24. Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju/*heimsókn nefndarinnar*
25. Önnur mál

Gögn sem liggja frammi á fundinum til upplýsinga og kynningar fyrir sveitarstjórn.:

Ársreikningur Markaðsstofu Austurlands 2009, ásamt skýrslu framkvæmdastjóra .

Ársreikningur Skógarorku ehf

Ársreikningur Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands 2009

Ársreikningur Vaxtarsamnings Austurlands 2009, ásamt ársskýrslu
Ársreikningur Þróunarfélags Austurlands 2009, ásamt ársskýrslu
Ársreikningur Minjasafns Austurlands 2009, ásamt endurskoðunarskýrslu
Skýrslur LV -20/2010/043 Fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2009 og
LV-2010/052 Girðingar með Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá.

1 Greinagerð kjörstjórnar um úrslit sveitarstjórnarkosninga í Fljótsdalshreppi.

Gunnþórunn kynnti greinagerðina

	Nafn	Atkvæði	
1	Jóhann F. Þórhallsson	49	
2	Jóhann Þ. Ingimarsso	45	
3	Gunnþórunn Ingólfssdóttir	37	
4	Lárus Heiðarsson	33	
5	Anna Jóna Árnarsdóttir	32	
	Varamenn		
1	Magnhildur B. Björnsdóttir	34	
2	Eiríkur J. Kjerúlf	30	
3	Jón Þór Þorvarðarson	17	
4	Jónas Hafþór Jónsson	14	
5	Anna Bryndís Tryggvadóttir	17	

Kjósendur á kjörskrá voru 73, 62 greiddu atkvæði, eða 85%. Einn seðill var auður og enginn ógildur.

2. Kosning oddvita og varaoddvita til eins ár. Gunnþórunn Ingólfssdóttir var kosinn oddviti og Jóhann Fr. Þórhallsson varaoddviti. Rætt var um skipulag á yfirstjórn sveitarfélagsins og þann möguleika á að ráða framkvæmdastjóra fyrir sveitarfélagið, eða bæta við starfskrafti á skrifstofu sveitarfélagsins.

3. Kosning í nefndir og stjórnir.

Fjallskilanefnd

Þorvarður Ingimarsson fjallskilastjóri

Eyjólfur Ingvason varafjallskilastjóri

Gunnar Jónsson

Hjörleifur Kjartansson

Hjörtur E. Kjerúlf

Ferðamálnefnd

Ólöf Sæunn Valgarsdóttir

Ragna Fanney Jóhannsdóttir

Gunnar Gunnarsson

Varamenn í ferðamálanefnd

Lára G. Oddsdóttir

Silja Jóhannsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Húsnefnd Végarðs

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Margret Anne Johnson

Gunnar Jónsson

Georg Pálsson tilnefnefndur af Landsvirkjun

Byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps

Úlfar Trausti Þórðarson

Byggingarnefnd

Eiríkur J. Kjerúlf

Jónas Hafþór Jónsson

Helga Vigfúsdóttir

Varamenn í byggingarnefnd

Jón Þór Þorvarðarson

Þórdís Sveinsdóttir

Sveinn Ingimarsson

Kjörstjórn

Lára G. Oddsdóttir

Jósef Valgarð Þorvaldsson

Sigrún Erla Ólafsdóttir

Varamenn í kjörstjórn

Sigríður Björnsdóttir

Hallgrímur Þórhallsson

Hallgrímur Þórarinsson

Fulltrúi í Almannaverndarnefnd

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Varamaður í Almannavarnarnefnd

Jóhann Þórhallsson

Fulltrúar í skólanefnd Hallormsstaðaskóla

Marget Anne Johnson

Þorvarður Ingimarsson

Varamenn í skólanefnd

Sigríður Björnsdóttir

Hallgrímur Þórhallsson

Varafulltrúi í félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðahrepps, Djúpavogshrepps og

Vopnafjarðahrepps.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Fulltrúi í stjórn Brunavarna á Héraði

Magnhildur Björndóttir

Fulltrúi í stjórn Brunavarna á Austurlandi

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Varafulltrúi í stjórn Brunavarna á Austurlandi

Jóhann Þórhallsson

Fulltrúi í fulltrúaráði Minjasafns Austurlands

Þórdís Sveinsdóttir

Varafulltrúi í fulltrúaráði Minjasafns Austurlands

Gunnar Jónsson

Landbótasjóður Fljótsdalshrepps

Lárus Heiðarsson

Sigmar Ingason

Eiríkur J. Kjerúlf

Varamaður í Landbótasjóð Fljótsdalshrepps

Anna Bryndís Tryggvadóttir

4. Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir og til vara Jóhann Þórhallsson

5. Kosning fulltrúa á aðalfund SSA, Breiðdalsvík 24.-25. sept.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir og til vara Jóhann Þórhallsson

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis við afgreiðslu næsta liðar.

6. Samningur um veitingaaðstöðu í Végarði. Samþykkt að fela varaoddvita að undirrita samninginn.

7. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun. Samþykkt að framlengja samninginn til 2ja ára og oddvita falin undirritun.

8. **Laugarfell.** Skrifað var undir verksamning við Timburmenn 8. júní. Ylur hóf vinnu við byggingu sökkla í dag, skil á því verki er 16. júní.
Samþykkt að fá Arkís til þess að skoða möguleika á að hólfa gistirými meira niður.
Samþykkt að gluggar verði ál/tré og athuga með hurðir úr áli.
Samþykkt að lagfæra vað á Laugaránni.
Samþykkt að fá tilboð í umhverfishönnun á svæðinu hjá tveimur til þremur aðilum.
Samþykkt að oddviti sitji verkfundi fyrir hönd sveitarfélagsins.
9. **Múlavegur.** Búið er að bjóða út veg frá Langhúsum að Glúmsstöðum 2. Vegagerði óskar eftir staðfestingu sveitarfélagsins á fjármögnun á framkvæmdum, en gert ráð fyrir að vegurinn verði klæddur á næsta ári.. Sveitarstjórn staðfestir fjármögnun. Samþykkt að fjármagn til verksins verði tekið af óráðstöfuðu eigið fé, nægi fjármagn á fjárhagsáætlun ekki til framkvæmdanna.
10. **Landamerkjaskráning.** Tilboð frá Landnot ehf í skráningu á landamerkjum í sveitarfélaginu. Frestað. Oddvita falið að fá tilboð í skráningu á landamerkjum skv hnitsetningu.
11. **Óveruleg breyting á aðalskipulagi,** bréf Skipulagsstofnunar dags. 02.06 . Kynnt. Oddvita falið að gera smávægilegar breytingar á framsetningu gagnanna og auglýsa breytinguna.
12. **Húsvarsla Végarðs.** Borist hafa tvær umsóknir sem bornar verða undir húsnefnd.
13. **Stjórnar-og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.**
Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs auglýsir til umsagna Stjórnunar-og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsagnarfrestur er til 24. júní.

Eftirfarandi bókun samþykkt sem umsögn Fljótsdalshrepps:

Sveitarstjórn telur að ekki sé í áætluninni tekið tillit til hestamanna og ferðalaga þeirra og bendir á að t.d. hafi verið skipulagðar hestaferðir úr Fljótsdal fyrir ferðamenn í um 20 ár og ávallt farið með ferðamennina umhverfis Snæfell. Sveitarstjórn telur óásættanlegt ef ferðirnar verði ekki lengur heimilar. Sveitarstjórn tekur einnig undir athugasemdir Landsambands Hestamanna sem gagnrýna verndaráætlunina og telja að ekki sé nægjanlegt tillit tekið til hagsmuna þeirra sem vilja ferðast um landið á hestum, eins og löng hefð er fyrir.

Óskað er eftir að í verndaráætluninn verði sýnd reiðleið Fljótsdalur-Fjallaskarð-Hrafnkelsdalur- um Dragamót að Sauðarkofa- Snæfellsskáli- um Þjófadall umhverfis Snæfell-Eyjabakkar - Laugarfell.- Fljótsdalur. Hluti leiðarinnar er utan þjóðgarðsmarka. Einnig þarf að gera ráð fyrir umferð hestamanna inn með Jökulsá í Fljótsdal í Geldingafell.og sýna reiðleið í verndaráætlun. Þá er nauðsynlegt að gera ráð fyrir uppbyggingu á áningarhólfum á ferðaleiðum hestamanna, eða að fram komi í texta áætluninnar að þau verði skilgreind og heimiluð uppbygging í samráði við þjóðgarðsverði og svæðisráð.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur ávallt lagt áherslu á að stofnun og starfræksla Vatnajökulsþjóðgarðs taki fullt tillit til og starfi í sátt við nærliggjandi samfélög. Stofnun þjóðgarðsins megi ekki hamla atvinnustarfsemi sem fyrir er og/eða þrengja að afkomumöguleikum bænda. Vísar sveitarstjórn í þessu tilliti til fyrri umsagna og tillagna sveitarstjórnar.

14. **Drög að nýjum samningi um rekstur Dvalarheimilis aldraðra á Egilsstöðum.** Kynnt.
15. **Skráning á skjölum Fljótsdalshrepps.** Héraðsskjalasafnið er tilbúið til að taka að sér skráninguna. Frestað.
16. **Gistihús.** Samþykkt að greiða kr. 150.000- í kostnað við rafmagn frá okt- apríl vegna vinnu verktaka við Gistihúsin.
17. **Bréf**
 - a. Orkustofnun dags. 17.05. Félag sem óskar eftir leyfi til leitar á gulli og öðrum málmum á Austurlandi. Sveitarstjórn er ekki mótfallin leitinni ef samráð er haft við landeigendur, raski haldið í lágmarki, og sveitarfélagið fá niðurstöður rannsóknanna, fari leit fram innan marka þess.
 - b. Landssamband hestamanna 04.06. Varðar athugasemdir sambandsins um verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir varðandi reiðleiðir sem þar koma fram.
 - c. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum dags. 07.05. Varðar örnefnasöfnun stofnunarinnar og útgáfu rits. Ósk um fjárstyrk. Hafnað.

- d. EBÍ Brunabót dags. 06.05. Breytingar á fyrirkomulagi styrkja EBÍ. Kynnt.
- e. Helgi Hallgrímsson dags. 03.05. Rætt var um að endurútgefa Fljótsdalsbækling frá 1992. Umræðan verður tekin upp aftur við gerð fjárhagsáætlunar.
- f. HAUST , ódags. Kynning á starfsemi samlagsins. Kynnt.
- g. Jafnréttisstofa 09.06. Bent á að jafnréttisnefnd á að vera í öllum sveitarfélögum. Kynnt.
- h. Héraðsforeldrar dags. 08.06. Áskorun til sveitarfélaga á Héraði að tryggja fjármagn til grunnskóla á svæðinu.

18. Fjárbeiðnir

Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps. Samþykkt að styrkja Búnaðarfélagið um kr. 4 millj til kaupa á tækjum til skógarvinnslu.

19. Umhverfisstyrkir

- a. Andrés Einarsson. Samþykkt umsókn.
- b. Jónas Hafþór Jónsson. Samþykkt umsókn.

20. Fundargerðir

- a. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 04.05. Kynnt.
- b. Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 20.05. Kynnt. Sveitarstjón telur að skólanum sé of þröngur stakkur sniðinn með fjárheimildir til yfirstandandi skólaárs, og horfa eigi til þess að þær verði rýmkaðar á næsta skólaári, ekki síst með tilliti til þess að þróa þarf nýja skólastofnun á Hallormsstað , þar sem grunn-leik og tónlistarskóli hafa verið sameinaðir.
- c. Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 02.06. Byggingarnefnd fjallaði um 4 byggingarleyfisumsóknir. Byggingarleyfisumsókn fyrir glerstofu við Gunnarshús að Skriðuklaustri, umsækjandi Gunnarsstofnun, byggingarleyfisumsókn fyrir bílskúr í Víðivallagerði, umsækjandi Þorsteinn Pétursson, byggingarleyfisumsókn fyrir glerkúlu við sumarhús í Víðvallaskógi, umsækjandi Ósk Bragadóttir. byggingarleyfisumsókn fyrir fjarskiptahúsi og mastri á Grjótárhjúk, umsækjandi Neyðarlínan. Auk Tetra björgunarkerfis Neyðarlínunnar ætla Síminn og Vodafone að setja upp GSM sendi til að þjónusta almenning á svæðinu.

Afgreiðsla byggingarnefndar á ofangreindum erindum var að fela byggingarfulltrúa að kalla eftir þeim gögnum sem skorti og heimilaði byggingarfulltrúa að ljúka málum þegar gögn hafa borist.

Sveitarstjórn samþykkir og staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar og felur oddvita að gefa út leyfi í samráði við byggingarfulltrúa þegar tilskilin gögn liggja fyrir. Í umræðu sveitarstjórnar kom fram almenn ánægja með fyrirætlanir um að bæta fjarskipti með uppsetningu sendibúnaðar á Grjótárhjúk.

- 21. **Fjarskiptahús og fjarskiptamastur á Grjótárhjúk.** Erindið var rætt undir og afgreitt undir lið 20. Einnig óskar sveitarstjórn eftir því við Neyðarlínuna að settur verði upp samskonar sendibúnaður við/á Miðfell til þes að bæta fjarskipti í Fljótsdal og á Fljótsdalsheiði. En skilyrði þar hafa versnað til muna eftir að aflagður var sendir á svæðinu.

- 22. **Byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps.** Byggingarfulltrúi tilkynnir búsetuflutning til Reyðarfjarðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við það , þ.e.ef það hefur ekki aukinn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélagið.

- 23. **Málefni Minjasafns Austurlands, fjárhagsstaða.** Forstöðumaður hefur dregið saman í starfsmannahaldi til að mæta fjárhagshalla safnsins, en ekki náðist samstaða aðildarfélaganna um aukin framlög. Kynnt.

- 24. **Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju.** Mætt voru fyrir hönd sóknarnefndar þau Lára G. Oddsdóttir og Friðrik Ingólfsson. Þau kynntu fyrirhugarðar framkvæmdir á vegum kirkju og kirkjugarðs. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja kirkju og kirkjugarð um kr. 500.000-

25. Önnur mál.

- a) Samþykkt að fela fjallskilastjóra sjá til þess að lokið verði við viðgerð á brú yfir Fellsá.
- b) Rarik hefur tekið jákvætt að fara í sameiginlega framkvæmd með sveitarfélaginu á lagningu á 3ja fasa rafmagni og ljósleiðara í Suðurdal. Verður ákveðið á næsta fundi sveitarstjórnar hvenær og með hvaða hætti ráðist verður í framkvæmdirnar.

Fundi slitið kl 20.00
Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)
Þorvarður Ingimarsson (sign)
Lárus Heiðarsson (sign)